

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS  
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)  
P.O. BOX 580 - 602 AKUREYRI - ICELAND

GREINARGERÐ UM JARÐVEGSÞYKKT Í SELLANDAGRÓF

HALLDÓR G. PÉTURSSON

AKUREYRI, OKTÓBER 1989

Dagana 5. og 6. október 1989 stóð ég fyrir könnun á jarðvegsþykkt í Sellandagróf vestan Sellandafjalls við Mývatn.

Þetta verk var unnið að ósk Landgræðslu Ríkisins og landeiganda á Grænavatni við Mývatn.

Um Sellandagróf rennur lækur, nyrst í djúpum farvegi gröfnum í mýrarjarðveg. Sunnar er farvegurinn grunnur og grafinn í foksand og fokjarðveg. Venjulega er lækurinn vatnslítill og rennsli jafnt. Hann getur þó vaxið mjög í leysingum. Þar sem lækjarfarvegurinn dýpkar er foss og er farvegurinn um 10 m djúpur norðan við. Farvegurinn er grafinn í seigan mýrarjarðveg, efstu 1.50 m er blanda af fokjarðvegi og hreinum foksandi. Fram eftir öldinni var fossinn nokkurn veginn á sama stað, en á síðustu árum hefur hann hlaupið suður eftir farveginum og valdið djúpu rofi og miklum spjöllum þegar mýrarfyllur hrynja að og í nýgrafinn farvegin. Ef djúpur farvegur grefst suður eftir Sellandagróf leiðir það óhjákvæmilega til þess að grunnvatnsstaða lækkar, mýrin þornar og jarðvegseyðing hefst. Eins og áður sagði eru efstu 1.50. m í grófinni mjög sandríkir og þurrir. Myndu þeir fljótlega blása í burtu.

Vettvangskönnun fór þannig fram að fyrst voru könnuð jarðlög í mýrinni umhverfis fossinn. Síðan var borað á þremur stöðum sunnan við fossinn (sjá mynd).

Neðst í lækjarfarveginum við fossinn kemur fram 0.5-1.0 m þykkt hálfhart sandlag, því hallar til norðurs, og fellur lækurinn eftir því sem flúð. Ofan á sandlaginu er mýrarjarðvegur og í honum allavega eitt ljóst öskulag (H-3). Undir sandlaginu er seigur mýrarjarðvegur sem ekki sést í botn á. Þetta sandlag er því aðeins linsa í mýrinni. Eflaust er þetta sandur sem lækur frá Sellandafjalli hefur borið í mýrina áður en askan frá H-3 féll. Sennilega er þessi sandlinsa ástæðan fyrir því að lækurinn aukið rof sitt á síðustu árum. Vatnavextir tæta sandlagið sundur og lækurinn hleypur eftir því til suðurs. Mórinn í mýrinni er seigur og hangir saman og getur því verið töluverð fyrirstaða um nokkurn tíma.

Borað var í Sellandagróf á þremur stöðum með svonefndum Cobrabor, þar til nokkuð örugglega var komið niður á fast. Meðfylgjandi mynd gefur staðsetningu borstaða.

A). Rétt sunnan við brú, ca. 10 m vestan við læk og 1.80 m ofan við yfirborð læksins. Á 3.70 m var komið á ca. 1.0 m þykkt þétt lag. Þegar komið var í gegnum lagið "datt" borinn niður, og öruggur botn fannst ekki fyrr en á 9.50 m. Þetta lagið er eflaust sandlagið sem fyrr var lýst við fossinn.

B) Um það bil 300 m sunnar, ca. 20 m frá og 0.80 m ofan við yfirborð læksins. Á milli 4.0 til 5.0 m dýpi var farið gegnum ca. 0.5 m þykkt þétt lag. Eftir það "datt" borinn niður og á 11 m dýpi var ekki enn komið á botn, en þá voru ekki til fleiri borstangir.

C) Syðst á móts við enda girðingar, ca. 10 m frá læk og 0.50 m ofan við yfirborð læksins. Á 4.80 m var komið á botn.

Niðurstöður er því þær að þykk mýri liggur til suðurs í Sellandagróf og lækurinn getur grafið djúpan (5-10 m) farveg a.m.k. suðurfyrir endann á sandgræðslugirðingunni. Þar sem fossinn er í dag er sandlinsa í mýrinni en undir henni er mór. Þar á farvegurinn eftir að grafast dýpra niður. Búast má við áframhaldandi hröðu rofi til suðurs á næstu árum, ef ekkert verður að gert.

